

Jökulhlaup úr Hamarskrika

Oddur Sigurðsson

Greinargerð OSig-98-04

1998-7-6

Jökulhlaup úr Hamarskrika

Tvö jökulstífluð lón eru í Hamarskrika við vestanverðan Vatnajökul. Hamarslón er undir hlíðum Hamarsins og er stíflað af Sylgjujökli sem er sunnan við Hamarskrika. Þegar lónið er fullt hefur það útfall um miðja vesturströndina yfir Gráöldu og fellur í Hvítalón. Hvítalón er vestar og útfall þess stíflað af Köldukvíslarjökli sem myndar norðurhlið Hamarskrika. Þegar lónið er fullt rennur úr því sunnan við Mókolla sem jaðar Köldukvíslarjökuls liggur upp að og eru það upptök Sylgju.

Öðru hverju ná þessi lón að brjóta sér leið undir ísstíflurnar og verður þá jökulhlaup í Sveðju sem fellur í Köldukvísl. Tengist það gjarnan hopi og framgangi jökuljaðarins sem stíflar lónin, en báðir eru þessir jöklar framhlaupsjöklar. Síðast hljóp Köldukvíslarjökull fram í mars og apríl 1992 en þar áður var gangur í honum 1974 (Sigmundur Freysteinnsson munnl. uppl.). Gangur hefur verið í Sylgjujökli frá því 1995 og fram undir 1997 en hann er nú sestur að aftur. Næst þar á undan hljóp jökullinn fram 1945-1946.

Hlaup sem vitað er um úr Hamarskrika eru sem segir í eftirfarandi töflu (Sigmundur Freysteinnsson 1972 og Oddur Sigurðsson o. fl. 1992):

Tafla 1 Hlaup úr Hamarskrika

Uppruni	dags.	ár	hámarksrennsli m ³ /s	hlaupvatn 10 ⁶ m ³
Hvítalón?	16.7.	1964	120	2,7
Hvítalón?	1.7.-2.7.	1965	260	6,2
Hvítalón?	21.7.-22.7	1966	140	?
Hvítalón?	28.7.-29.7.	1967	280	6,7
Hamarslón	1.8.-3.8.	1972	270	22
Hamarslón?	8.8.-12.8.	1988		11
Hvítalón?	?	1989	?	?

Látið að því liggja að hlaupið hafi úr Hamarslóni 1988 og Hvítalóni 1989 í jökulhlaupaannál í Jökli (Oddur Sigurðsson o. fl. 1992). Þó gæti verið að hlaupið 1988 hafi komið úr Hvítalóni og þá nokkru áður úr Hamarslóni án þess að það hafi komið fram á sírita við Sauðafell. Þessi saga þarf nánari aðgæslu.

Trúlegt er að hlaup hafi komið í Sylgju og Köldukvísl á tímabilinu frá 1972-1988 þó að þess hafi ekki verið getið í jökulhlaupaannálum í Jökli. Það verður að kanna sérstaklega. Þó er rétt að geta þess að tiltækar myndir frá flestum árum milli 1977 og 1986 sýna allar bæði Hamarslón og Hvítalón í fullri stærð.

Þar sem Sylgjujökull er nýgenginn fram eftir um hálftrar aldar hoptímabil, má búast við að jökullinn liggji þungt á stíflunni fyrir útfalli Hamarslóns. Köldukvíslarjökull skriður mun oftar fram en Sylgjujökull en ekki er vitað hvort alltaf sé sami hluti hans á hreyfingu við framskrið. Það eru því meiri líkur á hlaupi úr Hvítalóni á næstunni en úr Hamarslóni.

MÁ EKKI FJARLÆGJA

Heimildalisti:

Sigmundur Freysteinsson 1972. Jökulhlaup í Köldukvísl. *Jökull* 22, bls. 83-88.

Oddur Sigurðsson, Árni Snorrason og Snorri Zóphóniásson 1992. Jökulhlaupaannáll 1984-1988.
Jökull 42, bls. 73-80.